



## Jafnlaunastefna Fjarðabyggðar

Stefna Fjarðabyggðar er að tryggja að allir starfsmenn njóti jafnra launa og sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf þannig að launamunur sé ekki til staðar. Umfang jafnlaunastefnunnar tekur til allra starfsmanna Fjarðabyggðar.

Bæjarstjóri ber ábyrgð á jafnlaunakerfi Fjarðabyggðar. Bæjarritari ber ábyrgð á jafnlaunastefnu og að þeim lagalegu kröfum og öðrum kröfum sem tengjast jafnlaunakerfinu sé framfylgt. Bæjarritari er tilnefndur fulltrúi yfirstjórnar varðandi jafnlaunakerfi og er ábyrgur fyrir innleiðingu og viðhaldi þess í samræmi við staðalinn ÍST 85.

Til að framfylgja jafnlaunastefnu skuldbindur Fjarðabyggð sig til að skjalfesta, innleiða, viðhalda og bæta stöðugt stjórnun jafnlaunakerfisins í samræmi við kröfur staðalsins og ákvarða hvernig kröfur hans verða uppfylltar. Fjarðabyggð framfylgir reglum um kjör starfsmanna og skilgreinir viðmið við ákvörðun launa þar sem hver og einn fær greitt fyrir sitt starf út frá verðmæti þess, óháð kyni, kynvitund eða öðrum ómálefnalegum ástæðum. Markmið Fjarðabyggðar er að vera eftirsóttur vinnustaður og að konur og karlar hafi jöfn tækifæri í starfi skv. lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna. Til þess að ná því markmiði mun Fjarðabyggð:

- Innleiða vottað jafnlaunakerfi sem byggist á jafnlaunastaðlinum ÍST 85, skjalfesta kerfið og viðhalda því.
- Framkvæma launagreiningu a.m.k. einu sinni á ári þar sem borin eru saman jafnverðmæt störf og athugað hvort mælist munur á launum eftir kyni og kynna helstu niðurstöður fyrir starfsfólki.
- Gera samkomulag við vottunaraðila um að gera árlega úttekt á jafnlaunastefnu og kerfi Fjarðabyggðar og fylgja eftir ábendingum og athugasemdum, ef einhverjar eru, varðandi launasamsetningu.
- Bregðast við óútskýrðum launamun með stöðugum umbótum og eftirliti.
- Gera innri úttekt og halda rýni stjórnenda árlega.
- Fylgja viðeigandi lögum, reglum og kjarasamningum sem í gildi eru á hverjum tíma og staðfesta hlítu við lög.
- Kynna stefnuna árlega fyrir starfsmönnum Fjarðabyggðar. Stefnan skal einnig vera almenningi aðgengileg á ytri vef Fjarðabyggðar.

Fjarðabyggð 25.mars 2019

  
Karl Ottar Pétursson  
bæjarstjóri

